

MAÐUR VIKUNNAR

Raunsæ, rökföst, lífsglöð

Mikill styr hefur staðið um skipulagstillögur bæjaryfirvalda á Kársnesi í Kópavogi. Mótmæli samtakanna Betri byggð á Kársnesi urðu til þess að bæjaryfirvöld drógu tillögur sínar til baka í fyrra. Í vikunni lagði Kópavogsbær fram nýjar tillögur. Arna Harðardóttir, formaður Betri byggðar, segir að þær gangi enn lengra en þær fyrri og gagnrýmir yfirvöld fyrir skeytingarleysi gagnvart íbúum á Kársnesi. Arna er maður vikunnar.

Kapp söm, klár, skemmtileg, gláðlynd, traust og fylgin sér eru hugtök sem vinir og vandamenn Örnur grípa til þegar þeir eru beðnir að lýsa henni.

Arna ólst upp á Siglufirði til fjögurra ára aldurs, flutti þá til Reykjavíkur þar sem hún bjó þangað til hún var ellefu ára en þá flutti hún í Kópavog. Þar hefur hún búið með hléum síðan. Þótt hún hafi flutt ung frá Siglufirði ber hún enn taugar til staðarins; átti þar ömmu og afa sem nú eru fallin frá en vitjar æskustöðvanna reglulega.

Arna þótti röleggt barn og meðfærilegt. Henni hefur ávallt gengið vel að læra og sinnt námi sínu vel í gegnum tíðina, hún þótti sérstaklega talnaglög. Það hefur kannski ráðið því að hún ákvað að fara í Verzlunarskóla Íslands að loknum grunnskóla. Henni gekk alltaf vel í viðskiptagreinum og Verzlunarskólinn átti vel við hana. Að loknu stúdentsprófi lagði hún land undir fót og lærði hagfræði við háskólann í Reading á Englandi. Þegar heim var komið tók hún þátt í að setja Landsbréf Landsbankans á laggimar, ásamt Gunnari Helga Hálfánarsyni, en Landsbréf var eitt af brautryðjendafyrirtækjum á sviði verðbréfavíðskipta hér á landi. Síðar fór hún út í eigin rekstur á verðbréfamarkaði. Nokkrum árum síðar skráði hún sig í MBA-nám við Háskólann í Reykjavík, þegar það var að ryðja sér til rúms. Þar lágu leiðir hennar og Höllu Tómasdóttur saman, en sú síðarnefnda var lektor við HR. Þær hafa verið nánar samstarfskonur síðan. Halla var líka stjórnarformaður hugbúnaðarfyrirtækisins Calidris og réði Örnur sem framkvæmdastjóra



ARNA HARÐARDÓTTIR

ÆVIÁGRIP

Arna Harðardóttir er fædd á Siglufirði, 6. október 1965. Foreldrar hennar eru Hörður Arnþórsson og Gréta Elin Guðmundsdóttir.

Arna bjó á Siglufirði til fjögurra ára aldurs, flutti þá til Reykjavíkur þar sem hún bjó til ellefu ára aldurs en flutti þá til Kópavogs og hefur búið þar með hléum síðan. Arna útskrifaðist með stúdentspróf frá Verzlunarskóla Íslands árið 1985. Þaðan lá leiðin til Englands þar sem hún lauk BA-prófi í hagfræði frá Háskólanum í Reading og er löggitur verðbréfamíðlari.

Þegar heim var komið tók Arna þátt í að koma Landsbréfum á laggimar áður en hún hóf rekstur á eigin fyrirtæki á verðbréfamarkaði. Eftir að hafa lokið MBA námi frá Háskólanum í Reykjavík var Arna ráðin framkvæmdastjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Calidris frá 2003 til 2006. Árið 2007 var hún ráðin fjármálastjóri Viðskiptaráðs Íslands en er nú forstöðumaður hjá Auði Capital. Hún er líka formaður samtakanna Betri byggð á Kársnesi sem vinna að bættum skipulags- og umhverfismálum í Vesturbæ Kópavogs.

Með manni sínum, Jóni Guðna Ægissyni, á Arna tvö börn, þau Grétu og Viktor.

VANN SÉR TIL FRÆGÐAR

Skipulagði mótmæli íbúa við skipulagstillögum á Kársnesi. Efir að um 2000 athugasemdom hafði verið komið á framfæri drógu bæjaryfirvöld í Kópavogi tillögurnar til baka.

HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hún er ótrúlega rökföst, hún hefur afgreitt allar rökkræður sem ég hef heyrt hana taka þátt í um Kársnesið.“
Halli Tómasdóttir, samstarfskona hjá Auði Capital.

HVAÐ SEGIR HÚN?

„Þær deilur sem risið hafa upp um skipulagsmál Kársnessins snúast ekki um atorkusaman bæjarstjóra og afturhaldssama íbúa, heldur um afturhaldssamar skipulagsbreytingar og áhyggjufulla íbúa.“
Í Fréttablaðinu, 1. september 2007.

fyrirtækisins. Arna söðlaði síðar um og gerðist fjármálastjóri Viðskiptaráðs árið 2007 en Halla gerði sér lítið fyrir og nældi aftur í Örnur og fékk hana yfir til Auðar Capital.

Arna er sögð mikil félagsvera og á sér mörg áhugamál, þar á meðal er bridds en faðir hennar er margfaldur Íslandsmeistari. Hún er alin upp við spilamennsku og í hverri viku koma konurnar í fjölskyldunni saman og taka í spil. Hún hefur mikið keppnisskap og þó hún sé ekki tapsár er engum blöðum um að fletta að það liggur betur á henni þegar hún hefur yfirhöndina. Auk spilamennskunnar finnst henni gaman að fara í veiði, ferðast og leggja rækt við heimilið og fjölskylduna. Hún er afar söngglöð, nýtur sín vel í eldhúsinu og þykir höfðingi heim að sækja.

Arna er viðskiptakona fram í fingurgóma; hennar helsti styrkleiki er sagður sá að hún á auðvelt með að koma auga á heildarmyndina en á líka létt með að setja sig inn í smáatriði. Hún er fæddur leiðtogi, óhrædd við að hafa frumkvæði og er ósjálfrátt falin forysta í flestum þeim verkefnum sem hún tekst á hendur. Hún velur sér fyrst og fremst verkefni sem hún trúir á. Sumir kalla hana líka „raunsæja hugsjónakonu“, hún er reiðubúin að berjast fyrir því sem hún trúir á en er jafnframt rökföst og með fæturna á jörðinni. Hún á líka auðvelt með að skilja á milli vinnu og tómstunda. Fæstir hafa svör á hraðbergi þegar spurt er út í lesti Örnur. Þó er tínt til að hún geti verið fljótfer, óþarflega lífillát og gangi stundum dálítið nærri sjálfri sér í þeim verkefnum sem hún tekur sér fyrir hendur.

Arna hefur aldrei haft sérstakan áhuga á stjórnmálum, að minnsta kosti ekki í hinum flokkspólitíska skilningi. Þess vegna kom það sumum á óvart þegar hún tók forystu í hagsmunasamtökum í skipulagsmálum. Aðrir segja að það sé einmitt dæmigert fyrir Örnur. Þarna hafi verið mál sem brann á mörgum íbúum á svæðinu og framtíð hennar nánasta samfélags í húfi. Framganga bæjaryfirvalda hafi ofboðið réttlætiskenn hennar en í stað þess að hugsa þeim þegjandi þörfina tók hún málin í sínar hendur. Áhugaleysi hennar á pólitík geri líka málaþað hennar trúverðugan; hún hefur ekki áhuga á framatpólitík heldur helgast baráttu hennar af einlægri trú á að í tillögum bæjaryfirvalda sé margt sem megi betur fara.

